

*Alþingi**Erindi nr. B 120/1499**komudagur 17/4 1996*

Nefndardeild Alþingis  
Þórshamri v/ Templarasund  
150 Reykjavík  
Kristín Ástgeirsdóttir  
formaður

Reykjavík, 15. apríl 1996.

Efni: Frumvarp um stéttarfélög og vinnudeilur.

**ÁLYKTUN**

Félag bókagerðarmanna krefst þess að frumvarp til laga um stéttarfélög og vinnudeilur verði dregið til baka, því að með frumvarpinu er rofinn áratuga hefð um samstarf og víðtæka sátt um samskiptareglur á vinnumarkaði. Þá er ekki hægt að þola það að breytingum á vinnulöggjöfinni verði þröngvað upp á launafólk án samráðs við þeirra eigin stéttarfélög, enda er um alvarlega árás að ræða gegn tilvist stéttarfélaganna. Félag bókagerðarmanna krefst þess að aðilum vinnumarkaðarins sé gefin kostur á að semja um samskiptareglur sín í milli án hótunar um lagasetningu.

**GREINARGERÐ**

Félag bókagerðarmanna vill upplýsa félagsmálanefnd um að félagið var stofnað árið 1897 og hvatinn að stofnun þess var í raun sá að prentsmiðjueigendur höfðu algjört sjálfðæmi á sínum vinnustöðum um kaup og kjör. Því tóku prentarar sig saman og stofnuðu Hið Íslenska prentarafélag.

2. nóvember 1980 stofnuðu Hið Íslenska prentarafélag, Bókbindarafélag Íslands og Grafíska Sveinafélagið (áður Offsetprentarafélag Íslands og Prentmyndasmiðafélagið,) Félag bókagerðarmanna, þar sameinuðust því fimm stéttarfélög í eitt félag, FBM. Hvatinn að stofnun FBM var sá að þessi félög voru öll með sömu viðsejndur og tæknimál og þróun í iðninni þjöppuðu mönnum saman. Þess vegna þótti rétt að stofna eitt sterkt stéttarfélag er kæmi fram sem málsvari allra bókagerðarmanna. Í dag er FBM opið félag sem spannar alla þætti iðngreinanna og innan okkar félags eru allir sem vinna í prentið hvort sem eru faglærðir eða ófaglærðir. Þannig að við sjáum ekki að það bæti samningsstöðu okkar félaga ef á að skipta FBM aftur upp í séreiningar. Með stofnun stéttarfélaganna á vinnustöðum erum við aftur kominn til ársins 1897. Sú aðgerð ef að yrði myndi lama FBM sem stéttarfélag ef úr því gengju 60% félagsmanna, nema það sé tilgangur frumvarpsins. Aftur á móti er stjórn FBM hlynnt því að gerðir séu vinnustaðasamningar sem byggja á grunni aðalkjarasamnings, þeirri hugmynd hefur að visu verið varpað fram við VSÍ, en ekki fengið neinn hljómgrunn. Lög og reglugerðir FBM eru að mörgu leyti öðruvísi en hjá öðrum stéttarfélögum t.d. kosningafyrirkomulagið, en við höfum einstaklingsbundna kosningu ekki listakosningu. Á hverju ári er kosið um helming stjórnarmanna en í trúnaðarráð og um formann er kosið annaðhvort ár einnig einstaklingsbundið, ekki listakosning. Í frumvarpinu er mikið talað um hvernig standa skuli að atkvæðagreiðslum, þetta er ekkert nýtt fyrir okkur í FBM. Aldrei í 99 ára sögu okkar félags hefur verið farið í verkfall án skriflegrar allsherjaratkvæðagreiðslu um allt land, því FBM er landsfélag.

Fyrirkomulag er þannig að hver félagsmaður fær atkvæðaseðil sem hann sendir síðan til kjörstjórnar, oftast sem heimild til stjórnar um ódagsetta verkfallsheimild. Þá er ófrávíkjanleg regla að áður en verkfall hefst er haldinn félagsfundur, staðan kynnt og félagar ákveða framhaldið.

Því sér FBM ekki neina ástæðu til að við séum neyddir til að breyta áratuga gömlum hefðum sem hafa gengið vel og sátt er um. Á okkar vinnustöðum erum við í flestum tilfellum eina verkalýðsfélagið. Við erum á móti því að það sem við höfum byggt upp á áratugum sé eyðilagt af mönnum sem bera greinilega ekkert skynbragð á eðli verkalýðsfélaga. Þá sjáum við ekki heldur réttlætið í því að auka völd sáttasemjara jafn mikið og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, þar sem í raun á að taka samningsréttinn af FBM ef önnur félög hafa samið um hluti sem við erum ekki sáttir við.

Meðfylgjandi eru lög og reglugerðir Félags bókagerðarmanna ásamt eintaki af málgagni okkar Prentaranum en þar er gerð grein fyrir viðhorfum félagsmanna til FBM.

Virðingarfyllst, f.h. Félags bókagerðarmanna.



Sæmundur Arnason